

# Aðalfundur Þeistareykja ehf

Haldin á Gamla Bauk Húsavík

Mánudaginn 26. júní 2000

kl 12:00.

Að loknum hádegisverði verður gengið til dagskrár.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við samþykktir félagsins þannig:

1. Fundarsetning, kjör fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur fyrir 1999 lagður fram
4. Kjör fimm manna í stjórn, tveggja varamanna í stjórn og kjör endurskoðenda.
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað/tap, um arð og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda.
7. Önnur mál.

## Skýrsla stjórnar Þeistareykja ehf. fyrir tímabilið 28.04.99-26.06.00.

Góðir Aðalfundargestir.

Formleg starfssemi Þeistareykja ehf. hófst með stofnun fyrirtækisins á sl. ári. Stofnfundur var haldinn 28. apríl 1999 og stofnendur voru Aðaldælahreppur, Reykdælahreppur, Orkuveita Húsavíkur, Rafveita Akureyrar, Hita-og vatnsveita Akureyrar. Ofangreindir aðilar lofuðu hlutfjárframlögum að upphæð samtals 7 milljónir króna.

Tilgangur félagsins er að nýting jarðhita og/eða annarra verðmæta í jörð á Þeistareykjum í Suður – Þingeyjarsýslu og önnur starfssemi sem tengist orkuöflun og orkunýtingu, þar með talinn, heildsala og smásala, rekstur fasteigna og lánstarfssemi.

Á stofnfundi Þeistareykja ehf. var kjörin stjórn fyrirtækisins en hana skipa Franz Árnason, Hreinn Hjartarson og Svanbjörn Sigurðsson, Kolbrún Úlfisdóttir og Dagur Tryggvason. Hreinn Hjartarson var kjörinn formaður stjórnar og Svanbjörn Sigurðsson varaformaður. Varamenn eru Reinhard Reynisson og Baldur Dýrfjörð.

Að loknum stofnfundi kom nýkjörin stjórn saman til síns fyrsta fundar og ákvað að fela Hreini Hjartarsyni að fara með framkvæmdastjórn félagsins til næsta aðalfundar ásamt stjórnarformenskunni. Franz Árnason var kjörin ritari stjórnar. Einnig var ákveðið að Franz Árnason og Svanbjörn Sigurðsson hefði eftirlit með framkvæmdum. Lagður var fram samningur við eigendur Þeistareykja um réttindi og skyldur félagsins gagnvart eigendum Þeistareykja. Samningurinn var samþykktur og undirritaður. Þá fór stjórnin yfir fjárhagsáætlun fyrir 1999 sem var eftirfarandi.

1.	Lagfæringar á vegi	kr.	1.500.000
2.	Borun á 2x 40-70 m holum	kr.	3.500.000
3.	Jarðfræðileg ráðgjöf	kr.	1.000.000
5.	Annað	kr.	1.000.000
<b>Samtals</b>		<b>kr.</b>	<b>7.000.000</b>

Að loknum stofnfundi var haldið að Þeistareykjum og aðstæður skoðaðar í ágætu veðri.

Stjórnin ákvað í upphafi að ekki skyldi sótt um formlegt rannsóknarleyfi enda slíkt að mati stjórnar og ráðgjafa hennar ekki nauðsynlegt þar sem um einkaland er að ræða og undirbúningshópurinn hafði tryggt sér réttindi til borunar og rannsókna á svæðinu hjá landeigendum

Annar fundur stjórnar var haldin 14. júlí 1999 og lágu fyrir fundinum tvö tilboð um borun á kaldavatnsholu. Samþykkt var að ganga að tilboði Jarðborana upp á 3.032.500 kr. Einnig var lögð fram til kynningar tillaga frá Orkustofnun um uppsetningu á jarðskjálftaneti á Norðurlandi til að staðsetja sprungur á háhitasvæðum.

Að vandlega íhuguðu máli stjórnarmanna var gerð breyting á samningi við jarðboranir á þann veg að í stað tveggja 40-70 m djúpra vinnsluhola var ákveðið að leita markvisst að vatni með grunnum rannsóknarholum.

Boraðar voru þrjár grannar 5 ½ “ holur í könnunarskyni. Tilgangurinn var að kanna hversu djúpt væri niður á grunnvatn og hve heitt það væri. Nauðsynlegt er að hafa aðgang að miklu vatnsmagni við rannsóknarboranir í háhitasvæði, en hér um slóðir liggur grunnvatnsborð lágt og er þessutan víða heitt. Rétt staðsetning kaldavatnsholu skiptir því miklu máli. Samkvæmt eldri gögnum mátti gera ráð fyrir að dýpi á vatnsborð væri um 25 m, en var að sönnu alls óvísst.

Könnunarholur, sem voru boraðar skammt vesturundan Bæjarfjallinu og um kílómetra norður af hitasvæðinu sýndu að um 100 metar væru niður á grunnvatnsborð og að það grunnvatn var heitt á báðun stöðum; um og yfir 90 gráður. Álíka djúpt er á vatn í holu ríflega tvo km út með veginum norður af hitasvæðinu. Holan þar hrundi saman í mjög leku kargalagi og nær nú niður á 128 m. Hitinn í grunnvatninu þarna mældist á bilinu 26 - 28 gráður.

Við þessar boranir tapaðist allt svarf, þannig að ekki var af því ráðið í hvers konar jarðlög var borað. Einnig var ómögulegt að dæla upp vatni í tilraunaskyni sakir mikillar lyftihæðar og hættu á festa tæki í ófóðruðum könnunarholunum. Þess vegna var ákveðið að setja niður kjarnarör til að fá sýni af berginu. Það tókst ljómandi vel og sýnir kjarnin að þarna eru um að ræða ferskt basalhraun, töluvert gropið og með sáralitlum fyllingum í holrúmun. Bergið er efalaust vel vatnsgeengt og er ekki að efa að skolvatnshola á þessum slóðim mun geta gefið mikið vatn. Hiti þess er að sönnu í hærri kantinum en það er ekki víst að það verði til bölvunar og er talið líklegra að hann lækki frekar en hitt við dælingu. Hér er fundinn öruggur staður til skolværnsöflunar.

Ekki náðist að klára fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir vegna vætutíðar.

Þriðji fundur stjórnar var haldin 26. nóvember. 1999. Farið var yfir verk sumarsins og fjárhagsáætlun fyrir árið 2000 lögð fram til kynningar.

Fjórdi fundur stjórnar var haldinn 21. febrúar 2000. Formaður lagði fram árskýrslu Þeistareykja ehf og gerði grein fyrir helstu atriðum reikningsins. Að loknum umræðum staðfestu stjórnarmenn ársreikninginn. Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2000 sem er eftirfarandi.

1.	Lagfæringar á vegi	kr.	2.500.000
2.	Borun einnar 130 m holu	kr.	3.200.000
3.	Jarðskjálftanet	kr.	2.700.000
4.	Kortagerð	kr.	500.000
5.	Annað	kr.	1.000.000
<b>Samtals</b>		<b>kr.</b>	<b>9.900.000</b>

Baldur Dýrfjörð hefur starfað við undirbúning og stofnun félagsins og veitt góða ráðgjöf sem lúta að ýmsum lögfræðilegum atriðum. Stjórn vill þakka Baldri fyrir vel unnin störf.

F.h stjórnar Þeistareykja ehf

Þriðji fundur stjórnar Þeistareykja ehf. haldinn að Rauðuskriðu í Aðaldal 26. nóvember 1999 kl. 9:00.

Mættir stjórnarmennirnir:

Hreinn Hjartarson  
Svanbjörn Sigurðsson  
Kolbrún Ulfsdóttir  
Franz Árnason

Þetta gerðist:

1. Lagðar voru fram fundargerðir fyrsta og annars stjórnarfundar og þær samþykktar.
2. Formaður fór yfir útgjöld ársins 1999 en þau er nú orðin kr. 3.306.000 ( með vsk.).Eftir er að greiða stjórnarlaun og fleiri smáreikninga, en endurgreiðsla vsk. er ókomin.Áætlað er að afgangur af fjárhagsáætlun ársins 1999 verður um 4 milljónir króna.
3. Formaður lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2000 að fjárhæð kr. 8.400.000-þ.e.a.s. um 4.400.000- til viðbótar afgangi ársins 1999. Umræður urðu um málið og fram kom tillaga um að hækka fjárhagsáætlun í 9.9 milljónir króna. Aðilar urðu sammála um að fresta afgreiðslu til næsta fundar. Jafnframt að þeir myndu þá svara til um hvort þeir vildu auka sinn hlut hlutfallslega.
4. Rætt var um framkvæmdir næsta árs og framhald framkvæmda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:00  
Franz Árnason fundarritari

Haldin á Gamla Bauk Húsavík  
Mánudaginn 26. júní 2000  
kl 12:00.

Að loknum hádegisverði verður gengið til dagskrár.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við samþykktir félagsins þannig:

1. Fundarsetning, kjör fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur fyrir 1999 lagður fram  
*Hefur áður komið fram og er undirritaður.*
4. Kjör fimm manna í stjórn, tveggja varamanna í stjórn og kjör endurskoðenda.  
*Tillaga um óbreytta stjórn.*
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað/tap, um arð og framlög í varasjóð.  
*Legg til að ekki verði greiddur arður og verði jafnað af eigin fé. Þar sem tap er á rekstri eru ekki forsendur til að greiða í varasjóð.*
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda.  
*Legg til að stjórnarlaun verði óbreytt frá því sem áður hefur verið samþykkt í stjórn 8000 kr/fund*
7. Önnur mál.  
*næstu skref*